Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 27. október 2021
SFS2021080303
217. fundur
HG/img/aög

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi leikskólapláss***

Á 214. fundi skóla- og frístundaráðs, 24. ágúst 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

> *Hversu mörg börn 12 mánaða og eldri eru á biðlista eftir plássi á leikskólum Reykjavíkur. Hversu mörg af þeim hafa náð 18 mánaða aldri. Hversu mörgum börnum hefur verið úthlutað plássi á leikskólum en hafa ekki hafið vistun?*

**Svar:**

Samkvæmt skráningu í Völu 25. október 2021 voru 706 börn 12 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaplássi. Af þeim voru 178 börn sem voru 18 mánaða og eldri.

Þann 26. október 2021 höfðu foreldrar 56 barna sem hafa samþykkt boð um leikskóladvöl ekki fengið dagsetningu við upphaf aðlögunar.